

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD**



Það er eitthvað svo  
jólalegt við Emmessís





Vissir þú að íbúar í Lúxemborg eyddu mestum pening á hvern íbúa í jólagjafir í fyrra?



**DAFFYD ER MIKILL FJÖLSKYLDUMAÐUR**

**DAFFYD**

Fyrstu sex: 240484.  
Uppáhaldstónlistarmaður: Margir, en Bon Iver er í miklu upphaldi þessa dagana.  
Uppáhaldsjólagag: Et barn er fœdt í Betlehem með Kim Larsen.  
Fyrirmynd: Zidane í fótbolta Tom Waits í tónlist.

**MONITOR TV**

Fylgstu með á mbl.is í dag þar sem myndbandið við útgáfu Daffyd af Bahama verður frumsýnt.

# Gefur út Bahama í frostinu

Mynd: Morthen Rylberg

**Daffyd** er listamannsnafn fótþakappans **Davíðs Þórs Viðarssonar** sem hefur nú sent frá sér smáskífu með nýrri útgáfu af þekktum smelli *Veðurguðanna, Bahama*.

„Ég var kominn nokkuð yfir tvítugt þegar ég áttaði mig á því að ég gæti sungið,“ segir knattspyrnukappinn Davíð Þór Viðarsson sem hefur sent frá sér lagið Bahama undir listamannsnafninu Daffyd. „Á þeim tíma var ég að læra viðskiptafræði í Háskóla Íslands og var með tveimur félögum í lærdómsgrúppu. Við vorum oft að syngja og fíflast og þeir bentu mér á að ég væri ekki eins glataður söngvari og ég hafði haldið alla tíð,“ segir Davíð hlæjandi og bætir við: „Líklega er það skárna að hafa of litla trú en of mikla þegar kemur að söng. Maður hefur séð of marga flaska á því í bandarísku raunveruleikasjónvarpi.“

**Byrjaði allt með Hjúlmum**

Þó að Daffyd stigi óvænt inn á tónlistarsviðið með Bahama, þá hefur hann tekið upp lag áður. „Já, ég tók cover af Leiðin okkar allra með Hjúlmum fyrir nokkrum árum síðan. Setti það í nokkurs konar Damien Rice-útgáfu, bara kassagítar og raddir. Það fór samt bara í neðanjarðardreifingu.“ Daffyd segist ekki vera tæknilega besti söngvari í heimi en vonast til að sérkenni raddarinnar bæti það upp. „Svona eins og Megas,“ segir hann kíminn. „Ég er samt fyrst og fremst að þessu til að hafa gaman að þessu en hef samt mikinn metnað til að ná langt, annars væri ég ekki að eyða tíma í þetta. Ég er þó meðvitaður um að það þarf svo margt að ganga upp til að maður nái vinsældum.“

**Áhrif úr öllum áttum**

Áhrifavaldir Daffyds úr tónlistinni koma úr flestum tónlistarstefnum, og nefnir hann listamenn á borð við Damien Rice, Bon Iver, Tom Waits og John Mayer til sögunnar. Hann telur sig þó ekki vera að stæla neinn. „Það eina sem ég hef heyrt um líkindi við aðra er að röddin mín sé eitthvað lík James Morrison. Það er samt alveg ómeðvitað.“ En hvernig myndirðu lýsa þinni útgáfu af Bahama? „E, þarna náðirðu mér.“ segir Daffyd og hlær. „Ég held það sé ekkert erfiðara fyrir tónlistarmann en að lýsa eigin verkum. Ætli það megi ekki segja að þetta sé hrátt og lágstemmt með smá-partýstemningu í lokin.“ En er þetta árstíðin til að gefa út Bahama? „Já, já!“ segir Daffyd hlæjandi. „Þetta fær okkur til kannski til að gleyma frostinu.“

**Vinnur að tónlist í Danmörku**

Daffyd er búsettur í Danmörku þar sem hann spilar knattspyrnu með B-deildarliði Vejle. Þar býr hann ásamt unnustu sinni og rúmlega árgömlum syni þeirra en í frístundum vinnur hann að tónlist með dönskum upptökustjóra. „Liðsfélagi minn í Vejle kom mér í samband við náunga sem heitir Morthen Rylberg og er nýútskrifaður úr upptökustjórn. Hann er algerlega á sömu bylgjulengd og ég í tónlist og vinnualki eins og ég líka. Þannig að það ætti ekki að vera langt í næsta lag – eða plötu.“

# MMM

**MONITOR MÆLIR MEÐ...**

**FYRIR SÁLINA**

Aðfangadagur getur oft liðið furðu fljótt því lúmskt stúss fær tímann til að líða hraðar. Gjafaakstur og eldamennska taka sinn tíma og áður en þú veist af þarftu að skella þér í fötin áður en klukkan slær sex. Það er samt rosalega gott fyrir sálina að taka sér smá-tíma í að hugsa hvað maður hafi það gott og hugsa með hlýju og þakklæti til þeirra sem okkur þykir vænt um.



**FYRIR ÁRSLOK**

Hinn 30. desember verður mikið um dýrðir í Vodafonehöllinni þegar hin árlega skemmtun **Síðasti sjens** fer fram. Þar stiga á svið Retro Stefson og Hermigervill en markmið allra listamanna er að ekki verði þurr þráður á kroppi gesta sökum stuðs og fjörs. Ef þú vilt enda árið með því að svitna all-hressilega þá er upplagt að drífa sig á Hlíðar-enda þetta kvöld.



**FYRIR AUGUN**

Það er auðvitað gríðarlega stór partur af Gamlárskvöldinu að sjá flugeldana líta upp svartan himininn. En sprengjunum fylgir auðvitað ákveðin hætta og þá er gott að vera við öllu búinn. Mestu máli skiptir að vernda augun og því skulu allir hafa það í huga að vera með **hlífðargleraugu** þetta kvöld. Það er einfaldlega miklu meira töff heldur en að missa sjónina.



**Vikan á facebook**



**Friðrik Ómar Hjörleifsson**  
Ég átti að hafa allan tímann í heiminum til að skrifa jólakort, pakka inn gjöfum og græja jólahaldið. Í morgun áttaði ég mig á því að það er vika í aðfangadag og ég ekki búinn að skrifa á eitt kort eða græja eina jólagjöf. Er þetta spurning um vana...að vera með allt á síðustu stundu?  
17. desember kl. 11:05



**Anna Svava**  
HOLY F... hvað mér finnst miklu merkilegra að lagið "Little Talks" með Monsters and Men hafi verið í The Voice en hjá Jay Leno. Bara láta ykkur vita það. Okoi bæ.  
14. desember kl. 22:48



**David Sigurgeirsson**  
Alltaf gaman að tékka sig inn á hótél og það liggur maður í herberginu manns einungis klæddur gullkeðju og einhverjum svona speedo-nærþuxum. Fékk nýtt herbergi. Mikið stuð.  
14. desember kl. 17:51



**Berglind Pétursdóttir**  
Kári var að læra að segja nafnið sitt. Það er borið fram KÁLI.  
13. nóvember kl. 23:45

## FEITAST I BLAÐINU

**4** Freyr Árnason komst að því að strákarnir í **Sign** eru mjög upp-tækjasamir.



**6** Jólagjafahandbók Monitor er uppfull af góðum jólagjafahugmyndum.



**8** Kristín Tómasdóttir er góð fyrirmynd stúlkna enda metsöluhöfundur.



**14** Stíllinn kíkti á Margréti Björnsdóttur sem var svo ljúf að sýna jólakjólana sína.



## Efst í huga Monitor Eru þetta íslensk jólalög?

**M**örg íslensk jólalög eru löngu orðin ómissandi hluti af íslensku jólahaldi. Mörg þeirra eiga það þó sameiginlegt að vera alls ekki íslensk heldur ítölsk, og eru þau þar að auki alls ekki jólalög. **Monitor tók saman nokkur þessara og mælum við með því að fólk hressi sig fyrir jólin með því að kíkja á þau á Youtube.**

**Ég hlakka svo til**  
Svala Björgvinsdóttir  
**Heiti á ítölsku:** Dopo la tempesta  
**Flytjandi:** Marcella Bella  
**Titillinn þýðir:** Eftir storminn. Í stað línunnar „Ég hlakka svo til“ er sungið „Þú ert hjartalaus“.

**Þú og ég (Jólagjöfn mín í ár)**  
Halla Margrét og Eiríkur Hauksson

**Heiti á ítölsku:** Ci sara  
**Flytjendur:** Al Bano & Romina Power  
**Titillinn þýðir:** Það sem verður. Þetta lag vann ítölsku Sanremo-söngvakeppnina 1984, en sú keppni er ekki ósvipuð Eurovision.

**Þú og ég og jó!**  
Svala Björgvinsdóttir  
**Heiti á ítölsku:** Gente come noi  
**Flytjandi:** Ivana Spagna  
**Titillinn þýðir:** Fólk eins og við. Tregafullt ástarlag um þau sem sleit samvistum en elskar enn hvort annað.

**Komdu um jólin**  
Gunnar Ólason  
**Heiti á ítölsku:** Gente di mare  
**Flytjandi:** Umberto Tozzi & Raf  
**Titillinn þýðir:** Fólk hafsins. Þetta lag keppti fyrir hönd Ítalíu í Eurovision árið 1987.

**Ef ég nenni**  
Helgi Björnsson  
**Heiti á ítölsku:** Così' celeste  
**Flytjandi:** Zuccherò  
**Einnig til á ensku, heitir þá She's my baby.**

**Þú komst með jólin til mín**  
Björgvin Halldórsson og Ruth Reginalds  
**Heiti á ítölsku:** Chi voglio sei tu  
**Flytjendur:** Ricchi & Poveri  
**Titillinn þýðir:** Sá sem ég vil ert þú. Lagið keppti í Sanremo-keppninni 1989.

Monitor óskar öllum lesendum sínum gleðilegra jóla. Njótið þess að slappa af í faðmi vandamanna.

Jólaþak, Monitor-skútan



**SIGN**

Ragnar Zolberg: Gítar og söngur.  
Arnar Grétarsson: Gítar.  
Egill Rafnsson: Trommur.  
Hálfván Árnason: Bassi.  
Agnar Friðbertsson: Gítar og

# Sögur af Sign

Bræðurnir Egill og Ragnar sameinast á nýjan leik á annan í jólum þegar **Sign** stíga á svið á **Gauki á Stöng**. Freyr fékk sveitina til að rifja upp nokkrar góðar rokksögur.

Hinn 26. desember, annan í jólum, mun roksveitin Sign troða upp á Gauk á Stöng. Tónleikarnir marka tímamót en þetta er í fyrsta sinn sem trymbillinn Egill er með síðan hann hætti í bandinu fyrir fjórum árum. Af því tilefni ræddi ég við strákana og fékk þá til að segja mér nokkrar sögur af ferðum hljómsveitarinnar í gegnum tíðina. Hér eru þær birtingarhæfustu.

## Æsti aðdáandinn

Í London 2006 voru Sign að spila á Koko. Þegar komið var að hinni geysivinsælu Youth Gone Wild-ábreiðu þeirra var einn þeirra æstasti aðdáandi staddur á efri hæð hússins að kaupa sér bjór. Þegar hann heyrði að lagið var að byrja kastaði hann frá sér bjórnum og stökk niður af svölunum fyrir ofan dansgólfið. Ári seinna hittu þeir hann aftur og hafði hann þá eytt rúmum þremur mánuðum allur gipsaður.

## Kindin í Færeyjum

Þegar Sign voru að spila í Færeyjum hittist þannig á að Arnar varð tvítugur þannig að slegið var til veislu í gömlum verkamannabústað fyrir utan höfuðborgina Þórshöfn. Þegar líða fór á kvöldið fannst mönnum eitthvað vanta í gleðskapinn og var einróma álit manna að það tómarúm yrði fyllt með kind. Erfðlega gekk að hlaupa uppi kindurnar í nærliggjandi fjöllum en að lokum náði afmælisbarnið að skutla sér á einn hrút og var hann tekinn með í veisluna. Hróturinn skemmti sér að sögn gesta konunglega en afþakkaði pent veitingar á borð við rauðvín og með því. Þegar gleðin stóð sem hæst kom í ljós að fleiri gestir væru í húsinu, tveir heimamenn, margrómaðar grænmetisætur og dýravínir, birtust á stofugólfinu með ferðatöskur, búnir að fá sig fullsadda af vitleysunni. Var þeim boðin aðstoð með töskurnar en leist illa á það, þar sem flestir voru orðnir naktir á þessum tímamarki. Hróturinn var þá leystur út með gjöfum og fylgt aftur upp í fjall. Daginn eftir kom það hinsvegar í ljós, að einn þessara heimamanna var bróðir tónleikahaldarans og tók það umboðsmann Sign lungað úr deginum að koma í veg fyrir að hljómsveitin yrði bönnuð í Færeyjum, enda er fé eitt helsta stolt eyjaskeggja.

## Bensínstöðvarnekt

Sú hefð hefur skapast að í hvert sinn sem sveitin spilar úti á landi þá situr Arnar nakinn í bílnum þegar

keyrt er í gegnum Blönduós. Einu sinni hittist það þó svo á að billinn var orðinn bensínlitill þegar þeir nálguðust bæinn svo stoppað var á bensínstöðinni. Starfsmanninum brá þá heldur betur í brún þegar honum var litið inn um gluggann þar sem hann stóð og dældi bensíni og þar blasti við honum nakinn maður í fylgd fjögurra karlanna.

## Pissustopploysi


Þegar Sign voru á sínum fyrsta „headline-túr“ í Bretlandi gerðu þeir það sem allar alvöru sveitir gera, leigðu sérhannaða hljómsveitar-rútu. Oftar en ekki voru haldin parti í rútnunni þegar keyrt var á milli áfangastaða á nóttinni. Kannski ekki vitlaus hugmynd fyrir utan að bílstjóri rútnunnar var algerlega mótfallinn pissustoppum sem getur reynst óþraktískt þegar áfengi er haft um hönd. Þá var gripið á það ráð að pissa í flöskur. Eina nóttina gerðist það þó að ónefndur aðili var að pissa í flösku þegar bílstjórinn nauðhemlar með þeim afleiðingum að pissarinn skýst fram fyrir sig, ofan á borð sem allir sátu við sem brotnar. Þá rennur pissarinn á borðplötunni fram alla rútnuna, ennþá pissandi og endar hjá bílstjóranum og pissið út um allt. Vakti þetta litla lukku bílstjórans, sem tók þó regluleg pissustopp eftir þetta.

## Tilgangslausa gítarrústið

Gítarleikarinn Arnar er ekki maður réttra tíma-setninga. Á miðjum túr, með aðeins einn gítar, fær hann þá snilldarhugmynd að brjóta gítarinn sinn í loklaginu. Arnar lyftir gítarnum upp en þá eru ljósin skyndilega slökkt, tónleikunum lokið. Í niðamykrinu er of seint að hætta við og gítarinn rústast án þess að nokkur í salnum verði nokkurs var. Þurfti þá að útvega annan gítar fyrir restina af túrnunum.

## Tilgangslausa stökkið

Ljósamenn og Arnar eiga ekki mikla samleið því á Nasa tók Arnar svipaða ákvörðun nema nú átti að stökkva út í áhorfendaskarann og surfa þar með gítarinn. Á þeim tímamarki sem hann hefur tilhlaupið hefur hljómsveitin lokið sér af og slökkt er á ljósunum. Lélegasta „crowd surf“ sögunnar leit dagsins ljós þetta kvöld, Arnar lá eftir einn á gólfinu enda enginn sem sá hann stökkva.








RAGNAR AÐ FARÐA ARNAR  
ÞAÐ ER ROKK Í ÞVÍ



BRÆÐURNIR SAMEINAST  
Á NÝ Á MIÐVIKUDAGINN



ÞAÐ ÞYKIR MJÖG MIKIÐ  
ROKK Í ÞVÍ AÐ RÚSTA GÍTAR



ÞAÐ ÞYÐIR LÍTIÐ AÐ VERA  
SPÉHRÆDDUR Í ROKKINU

# Pioneer

HLJÓMTÆKI

- FYRIR JÓLIN!

## Pioneer SE-MJ721



### Heyrnartól af bestu gerð

Tiðnisvið 6-28.000 Hz · Þyngd 156 gr  
Verð kr. 9.900,-

## Pioneer X-DS301-K



### Útvarpsvekjari með iPod/iPhone vögg

FM útvarp með 20 stöðva minni  
Hleður iPod/iPhone  
Fjarstýring með „Snooze“ takka.  
Verð kr. 18.900,-

## Pioneer BDP-150-S



### 3D Blu-ray spilari

DLNA vottaður · Horfðu á YouTube, Picasa eða Netflix í gegnum spilarann · Netútvarp, RCA, 2x USB (Front & Back)

Verð kr. 44.900,-

Frábær 3D Blu-ray spilari með nettengingu

## Pioneer DCS-222K



### Heimabíókerfi

5.1 rása heimabíókerfi með DVD spilari og FM útvarpi · 300W magnari · HDMI tenging · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX, stýður 1080p (HD upscaling)

Verð kr. 49.900,-

## Pioneer BCS-323



### 3D Blu-ray heimabíóstæða

5.1 rása 3D Blu-ray heimabíókerfi með FM útvarpi og Karaoke · 1100W magnari (5x150W / Sub 250W) · Spilar: BD-R/RW, DVD-R/RW, CD-R/RW, MP3, JPEG, PNG, WMA, DivX og fl. · Bluetooth Ready · Tengir: 3x HDMI(2inn/1út), 2x USB, Ethernet, Optical, RCA hjóð inn Composite, Component og fl.

Verð kr. 94.900,-

## Pioneer X-HM20-K / X-HM20-S




### Hljómtækjastæða

FM útvarp með 40 stöðva minni, Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW, iPod, USB, RCA, Heyrnartól, Video out (f. iPod), 2 x 15W magnari, hátalarar 4 Ohm, spilar og hleður iPod

Verð kr. 49.900,-

## Pioneer PIX-SMC1



### iPod vagga

FM útvarp · Spilar og hleður iPod og iPhone · Spilar DVD og CD, MP3, DivX, JPEG · HDMI, USB, Audio in, Composite og fl. · Möguleiki á Blue-tooth · 2 x 20W hátalarar 8 Ohm

Verð kr. 34.900,-

## Pioneer VSX-322-K



### Heimabíómagnari

5 x 100 RMS @ 6ohm, Stýður Dolby TrueHD, DTS-HD master Audio, FM/AM útvarp með RDS, Inngangar: 4x HDMI, 2x Composit, 1x Coaxial, 1x Digital Optical, Útgangar: 1x HDMI, 1x Composite, 2x Preout, Stærð(BxHxD): 435x168x343

Verð kr. 59.900,-

Tilboðsverð kr. 49.900,-

## Pioneer VSX-422-K



### Heimabíómagnari

5x130 RMS @ 6 Ohm · FM/AM útvarp með RDS · Inngangar: 4x HDMI, 2x Composit, 1x Coaxial, 1x Digital Optical · Útgangar: 1x HDMI, 1x Composite, 2x Preout

Verð kr. 69.900,-

Tilboðsverð kr. 59.900,-

## Pioneer VSX-527-S/K



### Heimabíómagnari

5 x 130 RMS @ 6 ohm, Internet útvarp, Inngangar: 6x HDMI, 3x Composite, 2x Component, 1x Coaxial, 1x Optical, (1x Usb, 1x Ethernet), Útgangar: 1x HDMI, 1x Composite, 2x sub pre-out

Verð kr. 86.900,-

Tilboðsverð kr. 73.900,-

## Pioneer VSX-922-K



### Heimabíómagnari

7 x 150 RMS @ 6 ohm, FM/AM útvarp, Internet útvarp, nettenging · Inngangar 6x HDMI, 4x composite, 1x coaxial, 1x component, 1x Digital optical, USB · Útgangar 1x HDMI, 1x composite, 2x subwoofer · Bluetooth port

EISA VERÐLAUN 2012-2013

Verð kr. 127.900,-

Blit með lýfningu um prentuð

**ORMSSON**

OPIÐ:  
Fimmtudag og föstudag kl. 10-21  
Laugard. og sunnud. kl. 11-21



# Jólaleikur Elko

VILTU VINNA  
iPAD MINI  
+ Smart Cover  
+ eBækur gjafakort?



SENDU SMS EST IPAD  
Á NÚMERIÐ 1900  
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU  
OG SVARAR MEÐ ÞVÍ  
AÐ SENDA SMS  
SKEYTIÐ EST A, B EÐA C  
Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!



Fullt af aukavinningum:  
eBækur gjafabréf  
Bíómiðar á Life of Pi  
DVD - Tölvuleikir - Gos o.m.fl.

\*Aðalvinningar dregni úr öllum innsendum skeytum 22. desember 2012.  
Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið.  
Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu.  
Leik lýkur 21. desember 2012

**ELKO**  
EINFALDEGA LÉGRA VERÐ

Lindum - Skeifunni - Granda - Vefverslun - Sími 544 4000 - Símsala 575 8115



## Pissu-skífan

Það er staðreynd að karlmenn eigi það til að pissa út fyrir. Sú staðreynd getur stundum orðið til þess að konan á heimilinu verði ansi pirruð, sérstaklega ef karlpeningurinn þurrkar ekki upp eftir sig. En vissulega er erfiðara fyrir karlmenn að hitta þar sem flestir þeirra standa meðan þeir skvetta úr skinnsocknum og því skiptir einbeitingin gríðarlega miklu máli. En karlmenn eru upp til hópa miklir keppnismenn og því ætti það að auka skerpuna hjá þeim þegar þeir geta keppt við sjálfa sig við að reyna að hitta í miðjuna á pissu-skífunni. Kannski þessi litla skífa geti stíllt til friðar á einhverjum heimilum?




# GEFANDI GJAFIR

Það stýttist í **jólin** og þá verða allir gefandi gjafir og þá er gaman að geta gefið gefandi gjafir.

**Monitor** tók saman nokkrar skrýtnar, sniðugar og skemmtilegar hugmyndir að jólagjöfum.

## Hor-aði eggjaskiptimaðurinn

Sumir eru einfaldlega með'etta í eldhúsinu og njóta hvernar sekúndu. Aðrir skemmta sér ekki eins vel en vilja samt sem áður reyna að láta til sín taka þar á bæ. Þá mun hlátur alltaf hjálpa til við að stytta stundimar og því ætti Hor-aði eggjaskiptimaðurinn að geta kallað fram nokkur bros. Hann gerir líka meira en það því hann hjálpar til við að skilja eggjahvítuna frá eggjarauðunni sem getur oft reynst þrautinni þyngra án hjálpartækja. Eins er hann góð áminning um að vera í örbylgju-inni-skónum því noti maður þá ekki á maður það á hættu að enda eins og eggjaskiptimaðurinn, með blússandi horrensli.



## Talandi klósettrúlluhaldari

Það er virkilega mikilvægur þáttur í jólahaldinu að losa sig við allan jólamatinn svona endrum og eins. Því getur það verið skemmtileg jólagjöf að fá talandi klósettrúlluhaldara og ekki myndi skemma fyrir ef gefandinn væri búinn að lesa inn nokkrar skemmtilegar upphrópanir og setningar til að skemmta þeim sem hyggst tylla sér á setuna. Þetta apparat virkar nefnilega þannig að hægt er að taka upp ýmsar kveðjur á klósettrúlluhaldarann sem er svo með hreyfiskynjara og því spilast kveðjan þegar einhver nær sér í pappír. „Vinsamlegast haldið kyrru fyrir uns sturta skal niður“.





## Örbylgju-inniskór

Eins og við vitum flest geta vetrarmánuðirnir á Íslandi verið ansi kaldir og oft getur maður hugsað sér fátt annað en að vera bara undir teppi með heitan kakó-bolla. Það getur verið afar mikilvægt að huga vel að því að girða bolinn í buxurnar og vera í hlýjum sokkum sem jafnvel er skellt yfir buxurnar svo kuldinn nái ekki á milli. Það er einmitt lyklatríðið að passa að manni verði ekki kalt á fótunum þegar forðast á kvefið. Því ætti það að koma að góðu gagni að eiga hlýja inniskó sem hægt er að hita í örbylgjuofni. Þannig verður manni alltaf hlýtt á tám, rist og hæl.



## Snjallsímahanskar

Snjallsímarnir eru orðnir daglegt brauð og áður en við vitum af verða flestir í hinum vestræna heimi komnir með einn slíkan í tækjasafnið. En það getur oft og tíðum verið kalt í Vesturheimi og húfa og vettlingar geta reynt algjört þarfapung. Það er því erfitt þegar síminn hringir að rífa af sér hanskana til að renna fingrinum eftir snertiskjánum til þess að geta svarað því frostið er fjótt að skerast í leikinn. Því ætti að vera tilvalið að lauma snjallsímahönskum í pakkann hjá þeim sem slíka græju eiga því sérstakt efni efst á þumli og vísifingri gerir þér kleift að svara símanum, skrifa sms og allt þar á milli.



## Fjarstýrður njósnaðabíll

Það er fátt sem gleður unga pílta jafn mikið og fjarstýrður bíll. Nú ættu þó ekki einungis ungir sveinar að óska sér þess að fá slíkt tryllitæki í pakkann sinn því Logicom SPY-C Tank er algjört undratæki sem er svo miklu meira en bara leikfang. Í honum leynist myndavél sem þú getur stýrt í gegnum snjallsímann þinn. Ekki nóg með það heldur býr bíllinn til sinn eigin heita reit þannig að þú getur notað bílinn bæði úti og inni. Heyrðu, bíllinn er líka með næturstillingu svo þú getur notað hann nótt sem dag. Hέλstu að þetta væri allt? Bíllinn er líka talstöð svo þú getur keyrt hann inn í eldhús og óskað eftir að fá eitthvert góðgæti sent inn í stofu.

## Yfirvaraskeggssnuð

Það er yfirleitt algengur krúttlegur þegar lítil börn gera eitthvað fullorðinslegt og hvað er fullorðinslegra en að vera með yfirvaraskegg? Það ætti því að vera ákveðið skemmtanagildi í því að sjá lítið barn sem í makindum sínum sýgur snuð án þess að hafa nokkra hugmynd um að skegg þrýði nú efri vör þess. Þetta ætti líka að hjálpa foreldrum sem eru duglegir við að setja myndir af börnunum sínum á internetið því snuðið býður vissulega upp á ákveðinn ferskleika í þeim efnum. Þar að auki verður bráðsniðugt að vippa fram gömlu myndaalbúmi þegar barnið er orðið unglingur og sýna nýju kærustunni fyndnu yfirvaraskeggssnuðsmyndina. Hlæ hlæ í poka.



## Barnavaktarinn

Það getur verið huggulegt í jólafrínu að vaka aðeins frameftir. Foreldrar sjá sér jafnvel leik á borði og eiga rómantíska stund í stofunni eftir að börnin eru komin í háttinn. Þó þurfa þau alltaf að hafa augun og eyrun opin til að vita hvort allt sé í lagi í barnaherberginu en ekki lengur. Barnavaktarinn tekur málin í sínar hendur og það eina sem foreldrarnir þurfa að gera er að fylgjast með vakt-appinu í símanum sínum. Þar geta þau séð barnið sitt í gegnum myndavél, hlustað á barnið, spilað vögguvísur, talað við börnin sín, stillt næturlysinguna og fengið viðvaranir þegar vaktarinn nemur breytingar á hreyfingu, hljóði og hita- og rakastigi. Ódýrasta barnapían í bænum.



## Samsung Galaxy Mini 2 með veglegum jóla-pakka frá Vodafone

Þín ánægja er okkar markmið

### Samsung Galaxy Mini 2

Flottur og nettur snjallsími frá Samsung með skörpum og skýrum skjá.

32.990 kr. 3.090 kr. á mán.\*

\*Máx. 12 mánuði. Við ábyrgun verð bættist greiðslugjald, 340 kr. á mánuði.



# Metsöluhöfundurinn sem féll þrisvar í íslensku 103

**Kristín Tómasdóttir segir það mikinn heiður að fá traust fólks til að fræða dætur þess. Hún settist niður með blaðamanni Monitor og ræddi við hann um bókina Stelpur geta allt, snoðklippinguna á unglingsárunum og skilningsleysi hennar á tónlist.**

Texti: Einar Lövdahl  
Myndir: Árni Sæberg

einar@monitor.is  
saeberg@mbl.is

Þegar ég skilaði mínu fyrsta handriti til útgefandans hafði ég enga trú á því og skammaðist mín hreinlega fyrir það,“ segir rithöfundurinn Kristín Tómasdóttir. Áhyggjur hennar virðast þó hafa verið með öllu óþarfar enda hefur hún nú, þremur árum síðar, gefið út þrjár bækur sem hafa mokslest í þokkabót.

Bækur hennar hafa vakið athygli fyrir að vera gagnlegar og skemmtilegar fræðslubækur handa unglingsstelpum.

Blaðamaður Monitor settist niður með Kristínu og ræddi við hana um nýjustu bók hennar, Stelpur geta allt, snoðklippinguna á unglingsárunum, skilningsleysi hennar á tónlist og allt þar á milli.

## Nú er korter í jól og því fylgir gjarnan svo kallað jólastress. Hver er staðan á þér núna fyrir jól?

Hún er bara nokkuð góð. Jólaunderbúningurinn hjá mér einkennist mjög mikið af þessari jólabókasölu og hefur gert það núna þrjú ár í röð. Það gerir þennan tíma þangað til klukkan slær sex á aðfangadag mjög stressandi en þetta er skemmtilegt stress. Ég er á fullu að kynna bókina mína í bókabúðum og sinna alls konar stússi í kringum það ofan á hefðbundinn jólaunderbúning. Annars er ég enn svo ung að ég er ekki farin að bera ábyrgð á matnum á aðfangadag, jóladag né gamlárskvöld en ég er hins vegar komin vel á leið með jólagjafirnar, þannig að ég er nokkuð vel sett.

## Þegar maður stendur í bókabúðum á tímum jólabókaflóðs, vaknar þá í manni mikið keppnisskap?

Já reyndar, en ég hef annars sjaldan fundið fyrir keppnisskapi svo þetta er dálítið skrítið. Ég er alveg á fullu að reyna að vinna alls konar keppnir sem tengjast bókinni, ekki beint til bókmenntaverðlauna heldur keppnir sem snerta sölutölurnar. Mig langar auðvitað að bækurnar nái til sem flestra. Mér hefur alltaf gengið ótrúlega vel en núna í fyrsta skipti hef ég ekki verið efst á metsölu-listunum og það fer dálítið í mig (hlær).

## Ferðu þá í bókabúðir og skemmir eintök af öðrum bókum?

Nei, ég geri það nú ekki en ég fer í bókabúðir og geri meira úr mínum eintökum og ég er meira að segja með klapplið með mér í því. Þabbi minn er til dæmis mjög duglegur við að fara út í búðirnar og stillir bókunum mínum upp á kant, þá skera þær sig úr.

## Nýja bókinn þín heitir Stelpur geta allt. Um hvað fjallar hún?

Bókin fjallar um raunverulegar stelpur á Íslandi og niðurstaðan eftir að hafa lokið við bókina var bara að stelpur geti allt. Í bókinni tek ég viðtöl við stelpur úr hinum og þessum áttum og þær segja mér frá einhverju einu sérstöku sem þær geta frætt aðrar stelpur um. Sumar sögðu mér frá einhverju sem þær eru ótrúlega góðar í, aðrar frá furðulegum áhugamálum og enn aðrar frá erfiðri reynslu sem aðrar stelpur geta lært af hvernig gott er að tækla. Mér finnst allar stelpurnar í bókinni gjörsamlega magnaðar, ég hélt alltaf að ég væri að skrifa um flottustu stelpuna í hvert skipti sem ég byrjaði að skrifa um nýja stelpu. Eftir á að hyggja held ég að það hefði ekki skipt miklu máli hvaða stelpur ég valdi í bókina, ég held að það hafi allar stelpur frá einhverju merkilegu að segja.

## Var einhver frásögn sem stóð upp úr?

Mér fannst þær allar jafnmerkilegar en stelpurnar eru allar rosalega fjölbreyttar og þæla í mismunandi hlutum. Hugmyndafærðin á bak við allar bækurnar mínar stýnt um að kenna stelpum að hafa áhrif á eigin sjálfsmynd. Þarna er ég í rauninni bara að taka dæmi um ýmsar

sjálfsmyndir stelpna og hvaða þættir það eru í þeirra sjálfsmynd sem hafa mikil áhrif á þær. Ég er í rauninni að varpa ljósi á það hvað það eru ótrúlega fjölbreyttir þættir sem hafa áhrif á stelpur.

Ef ég á að taka eitthvað eitt út úr bókinni, þá var auðvitað virkilega merkilegt og í senn átakanlegt að skrifa um Heiðu Dís sem lést í september síðastliðnum. Mér finnst ótrúlega rausnarlegt að hún hafi eytt hluta af sínum síðustu dögum í þetta, að skrifa á við mig um hvernig það er að takast á við krabbamein og dauðann.

## Þetta er þriðja bókinn sem þú gefur út sem ætluð er unglingsstelpum. Er þetta einhvers konar sería?

Það mætti kannski kalla þetta bókaflökk, þetta er að minnsta kosti ekki bara þrileikur. Ég er auðvitað farin að þekkja dálítið vel til efnisins og er örugg í því að skrifa fyrir þennan hóp og finnst það mjög skemmtilegt. Ég held að það mætti miklu fleiri skrifa bækur fyrir þennan hóp, það hefur verið dálitil gjá á markaðnum fyrir unglingsstelpur og bara unglingsárunum yfirhöfuð. Ég held að það sé alls ekki búíð að metta þennan markað. Svona umræða er ekki síður mikilvæg fyrir stráka og það er heldur betur gap á bókamarkaðnum í þeim efnum. Ég held að ég væri reyndar ekki rétt manneskjan í að sjá um svoleiðis bók, nema kannski ef ég gerði það með einhverjum strák.

## Heldurðu að ástæðan fyrir þessari gjá sé að einhverju leyti sú að rithöfundar og útgefendur hugsí að unglingar í dag lesi ekki bækur?

Ég held að það gæti alveg verið ein af ástæðunum fyrir því en sjálf held ég að ein meginástæðan sé sú að við eigum það til að gleyma þessum samfélagshópi, unglingsum eða unglingsstelpum. Eitt af því sem mig langaði að gera frá upphafi með þessum bókum var að gefa unglingsstelpum svoltið pláss, upphefja stelpumeninguna á Íslandi. Unglingsstelpur eru að gera svo ótrúlega mikið af fjölbreyttum og mögnuðum hlutum en láta lítið fyrir sér fara. Mér finnst það hafa tekist ágætlega og ég myndi gjarnan vilja halda því áfram en það er hægt að gera það út frá svo mörgum vinklum.

## Eftir að hafa unnið að bókagerð fyrir unglingsstelpur þrjú ár í röð, hvað finnst þér standa upp úr?

Fyrst og fremst stendur upp úr hvað ég hef fengið góðar viðtökur. Ég hef til dæmis fundið fyrir því að fólkið í kringum unglingsstelpurnar, ömmur, afar, foreldrar og svo framvegis, hefur þyrst í svona efni til að gefa stelpunum. Þetta fólk vill gefa unglingsstelpum eitthvað uppbyggilegt efni af því að það hefur áhyggjur af því efni sem internetið matar ungt fólk í dag með.

Það hefur komið mér skemmtilega á óvart hvað það er mikið af karlmönnum, pöbbum, öfum og svo framvegis, sem hafa keypt bækurnar mínar handa unglingsstelpunum sínum. Þeir hafa kannski áhyggjur af klámvæðingunni og útlitsdýrkuninni sem tröllríður öllu en vita ekki nákvæmlega hvað þeir eiga að gera. Það er náttúrulega bara heiður fyrir mig að fá traust þessara manna til þess að fræða dætur þeirra.

Síðan hefur það komið mér skemmtilega á óvart hvernig lesendahópurinn er í raun breiðari en ég bjóst við. Ég hef hitt stelpur sem eru jafnvel komnar upp undir tvítugt sem segja mér að eitthvað í bókunum mínum hafi

alveg bjargað þeim í ákveðnum málum sem þær þorðu ekki að spyrja einhvern út í. Það er frábært að fá að heyra það að þetta sé að nýstast af alvöru.

## Hvað hefur reynst erfiðast við að skrifa þessar bækur?

Mér hefur þótt einna erfiðast að falla ekki í þá gryfju að byrja að predika fyrir stelpum hvað þær eigi að gera og hvað ekki. Það er ekki mitt að gera það. Ég hef alltaf reynt að setja fram staðreyndir til þess að opna augu stelpna fyrir því að þær geti gert hlutina á einn eða

annan hátt, en að lokum þarf að vera skýrt að valið sé þeirra. Þú verður að gera það sem þér líður vel með. Ég get tekið dæmi eins og að raka af sér líkamshár. Mig langar alveg að segja stelpum að sleppa því, en ég geri það ekki af því að það er ekki mitt hlutverk. Mig langar að segja þeim að ganga ekki alltaf í stuttum pilsnum og flegnum bolum úti í frosti en ég geri það ekki. Skilaboðin eru að þær verði að gera það sem þeim líður vel með. Það er erftitt en mjög mikilvægt að setjast ekki í predikunarstólinn.

## Hefðir þú þurft að lesa svona bækur þegar þú varst unglingsur?

Ég hugsa að ég hefði drukkið þessar bækur í mig eða allavega haft gott af því. Ég var dálítið dramatískur og óheflaður unglingsur og þurfti leiðbeiningar, eins og aðrar stelpur. Foreldrar mínir settust sjaldan í predikunarstólinn og ég fékk að prófa mig áfram. Þá hefði verið gott að fletta í gegnum skynsamlega valmöguleika í bók sem ég hefði svo getað tekið afstöðu til.

## Á unglingsárunum prófaðir þú til dæmis að snoða á þér hausinn. Var það einhvers konar pönkyfirlýsing?

Það var örugglega að mjög miklu leyti vegna þess að Þóra systir mín gerði það einu sinni og mér fannst það bara mjög töff (hlær). Ég sé alls ekki eftir því að hafa krúnurakað mig og ég hvet allar stelpur til þess að vera forvitnar og gera það sem þær langar til að gera, þannig lærum við. Það skiptir líka máli að treysta á sjálfa sig, ég var allavega með nógu mikið sjálfstraust til að koma krúnurökuð í skólann og var síðan ekkert að þæla í því meir.

**Mig langar að segja þeim að ganga ekki alltaf í stuttum pilsnum og flegnum bolum úti í frosti en ég geri það ekki.**

## Eins og fram hefur komið skrifaði Þóra Tómasdóttir, systir þín, fyrstu bókina með þér. Mér skilst að það hafi verið dálítið mikið stríð á milli ykkar þegar þið voruð yngri.

Já, og er enn að vissu leyti (hlær). Við eigum aðra systur sem er átta árum eldri en ég og við erum allar mjög nánar, við leitum mikið hver til annarrar en við Þóra ölumst upp meira eins og tvíbúrar, enda bara þrjú ár á milli okkar.

Ég hef nú heyrt frá öðrum að samband okkar hafi þótt mjög fallett svona framan af en þegar ég komst á skólaaldur einkenndust samskipti okkar af því að ég dýrkaði hana en henni fannst ég gjörsamlega glötuð. Það er sem betur fer meira jafnvægi á því í dag, það gerðist þegar ég var svona þrettán ára. Systur mínar hafa síðan nýst mér ágætlega í bókunum og fræðslunni minni, þetta er auðvitað eitthvað sem margar stelpur geta samsvarað sig við. Það er mjög algengt að fjölskyldumeðlimir hafi mikil áhrif á sjálfsmynd manns. Ég geri mér jafnvel betur grein fyrir því í dag heldur en áður að ég væri örugglega allt öðruvísi ef ég hefði ekki alltaf haft Þóru til samanburðar. Það háir örugglega oft elstu systkinum að þau hafi ekki þessar fyrirmyndir til að elta en á móti kemur að það kallar á meira sjálfstæði.

Okkur Þóru gengur hins vegar ekkert rosalega vel að vinna saman. Það er alveg ástæða fyrir því að við erum ekki búnar að skrifa fleiri bækur saman (hlær).

## Þú bjóst í Noregi frá sjö til fjórtán ára aldurs. Var erftitt að flytja til Íslands?

Já, það hafði mikil áhrif á mig sem unglings. Mér fannst það eins og heimurinn væri að hrynja. Ég átti rosalega gott líf úti í Noregi, við bjuggum á frábærum stað í vernduðu Astrid Lindgren-þorpi og ég átti frábæra vini og vildi alls ekki flytja til Íslands. Svo gerðist það bara og það var mikið áfall en ég var þó ótrúlega fljót að aðlagast. Eftir á að hyggja er ég mjög fegin að við fluttum heim á þessum tíma. Ef það hefði verið mikið seinna þá hugsa ég að ég hefði ekki aðlagast jafn-vel. Vinir mínir

## KRISTÍN Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 241182.

Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun: Sonur minn þurfti að fá að kíkja í skóinn sinn í glugganum.

Það sem veldur mér helst hugarangri þessa stundina: Bóksala.

Það myndnasta sem ég hef séð á netinu: Myndband með norskum gæja sem bregður oftast en öðrum, það þarf ekkert til. Hann hafði sjálfur mikinn hómor fyrir þessu og vinnufélagar hans eru alltaf að láta honum bregða.

Æskuátrúnaðargóð: Þóra, systir mín.





## Síðasta sem ég...

**Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:** Ég fór til Baden-Baden í Þýskalandi að slappa af með fjölskyldunni.



**Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:** Ég fór á Nings í hádeginu og fékk mér tröllatrefjar, mjög finn réttur.



**Síðasti hlutur sem ég keypti mér:** Jólakjöll.

**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Ég hef þytt drjúgum tíma í Homeland undanfarið og hef því lítið horft á bíómyndir en ég kláraði hins vegar seríu tvö af Homeland í gær.



**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Það hefur verið við son minn eða kærasta, ég er alltaf að segja þeim hvað ég elska þá mikið.



/// Það endaði á því að hann stoppaði mig af og sagði: „Kristín, ég hef lesið miklu, miklu, miklu verri handrit en þetta“. Það er besta hrós sem ég hef fengið.





sem ég eignaðist þegar ég kom heim fjórtán ára eru enn vinir mínir í dag. Ég græddi heilmikið á því að flytja heim. Ef við hefðum ekki gert það væri ég bara norsk í dag, byggi enn úti og hefði ekki þetta tvítýngi sem ég hef í dag.

**Þú fórst í MH, hvernig týpa varstu í menntaskóla? Hvað stendur upp úr þegar þú hugsar til menntaskóla-áranna?**

Það var „rebel“ í mér þar og mér gekk illa í náminu. Það er kannski kaldhæðnislegt að segja það núna, en ég féll þrisvar sinnum í íslensku 103 af því að ég var svo léleg í stafsetningu. Það var auðvitað að einhverju leyti út af Noregsárunum en það hefði að minnsta kosti aldrei hvarflað að mér þá að ég ætti eftir að gefa út þrjár bækur. Það sem mér finnst samt gott við áfangakerfi í menntaskóla er að ég gat tekið mig á, ég tók algjöra U-beygju og náði eftir allt að útskrifast með jafnöldrum mínum. Mér finnst menntaskólaárin ekkert rosalega skemmtileg, þau voru dramatísk og mig skorti stundum proska til að sjá lífið í réttu samhengi.

**Svo þú komst sjálfri þér á óvart með því að fara út í bókaútgáfu?**

Það kom mér á óvart, já. Þegar ég skilaði mínu fyrsta handriti til útgefandans hafði ég enga trú á því og skammaðist mín hreinlega fyrir það. Ég held reyndar að það sé svo sem ekki óalgengt hjá rithöfundum, það

er erfitt að fá útgefna bækur á Íslandi svo mér datt einhvern veginn ekki í hug að ég gæti fengið það. Ég kom handritinu í hendurnar á Bjarna, útgefandanum mínum, og sagði honum að þetta væri versta bók sem ég hefði á ævi minni lesið. Svo kallaði hann mig á fund einhverju seinna og vildi fara aðeins yfir málin með mér.

Ég mætti á fundinn og var ekki að þæla í hvort þeir myndu hafna handritinu eða ekki, heldur hvernig þeir myndu gera það. Ég vorkenndi þeim eiginlega að þurfa að segja þetta við mig þannig að ég mætti bara og fór strax að ég útskýra að ég hefði alist upp í Noregi, væri léleg í stafsetningu og það væri fullkomlega skiljanlegt ef þeir sæju sér ekki fært um að gefa bókina út. Það endaði á því að hann stoppaði mig af og sagði: „Kristín, ég hef lesið miklu, miklu, miklu verri handrit en þetta“. Það er besta hrós sem ég hef fengið. Ekki að bókin mín væri svona góð heldur að það væri til eitthvað verra. Ég held að við skrifin á fyrstu bókinni hafi það reyndar nýst mér hvað ég var stressuð og setti mörg spurningamerki við eigið verk.

**Að allt öðru, ég heyrði því fleygt fram að þú værir með „hrikalegan tónlistarsmekk“. Er ómaklega að þér vegið með þessum orðum eða getur þú kvittað undir þetta?**

Ég er með rosalega lítinn smekk fyrir tónlist, það má kannski eiginlega segja að ég skilji ekki tónlist. Ég þæli rosalega lítið

í tónlist og hún getur meira að segja oft truflað mig. Ef ég er í matarboði og það er einhver „dinnertónlist“ undir þá upplif ég það bara eins og suð sem truflar mig. Ég hef hins vegar gaman af því að syngja og upplif það svo sem vel ef ég heyrir lag í útvarpinu sem minnir mig á eitthvað skemmtilegt en annars skiptir tónlist mig minna máli en marga aðra. Mér finnst það svolítið leiðinlegt en maður getur ekki haft allt (hlær).

**Fyrir utan að fást við bókaskrif og meistaranám hefur þú starfað hjá Gedhjálp undanfarin þrjú ár.**

Já, mér finnst geðheilbrigðismál mjög spennandi og mikilvægur málaflokkur sem fleiri mættu setja sig inn í. Ég byrjaði einmitt að vinna á geðdeild og sambylí fyrir geðfatlaða samhliða grunnnámi í sálfræðinámi. Ég lærði miklu meira af þeirri vinnu heldur en bókunum sem ég las í sálfræði.

**Hyggur þú á frekari landvinninga í ritstörfum? Fleiri bækur fyrir ungar stelpur?**

Já, ég mun líklega senda frá mér aðra bók næstkomandi vor en hún tengist ekki stelpum. Ég er aðeins búin að vera að þróa áfram þetta sjálfshjálparbókar-konsept en annað sem því tengist verður bara að fá að koma í ljós.

## SMÁA LETRIÐ



### KVIKMYNDIR

**Myndin sem ég get horft á aftur og aftur:** Love Actually, sérstaklega svona um jólin.

**Myndin sem ég væli yfir:** Ég væli oft en aldrei yfir bíómyndum.

**Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir:** Little Miss Sunshine.

**Uppáhaldsmyndin mín í æsku:** Annie.

**Versta mynd sem ég hef séð:** Síðasta mynd sem mér leiddist mjög var P.s. I Love You en það er kannski grimmt að segja að hún sé versta mynd sem ég hef séð.



### TÓNLIST

**Lagið í upphaldi þessa stundina:** Lögin í keppninni Geðveik jól eru mér ofarlega í huga.

**Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina:** Eitthvað hresst og skemmtilegt.

**Lagið sem ég fila í laumi:** Þau eru svo mörg, ég er ekki með tónlistarsmekk og reyni því að hlusta á sem mest í laumi.

**Lagið sem ég syng í karóki:** La det swinge.

**Nostalgíulagið:** Pabbi minn samdi lag sem heitir „Ég ætla að gera mig svaka sæta“ og það fylgir því ákveðin nostalgia.



### FORM OG FÆÐI

**Uppáhaldsmatur:** Rjúpur.

**Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á:** Þá bara bæti ég inn mik af ávöxtum, grænmeti og jafnvel ommelettum.

**Versti matur sem ég hef smakkað:** Ég hef aldrei getað komið salleríi ofan í mig, en er þó farin að vinna í því.

**Líkamsræktin mín:** Ég hleyp úti og fer stundum í ræktina til að lyfta. Þegar mig vantar útrás fer ég í spinning.

**Stoltasta augnablikið á íþróttarferlinum mínum:** Ég var bara dálítið ánægð með tímann minn í Reykjavíkumaraþoninu í sumar.







# Gjafakort

Borgarleikhússins

**Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann**

Kortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

## Jólatilboð Borgarleikhússins



### Galdrakarlinn í Oz

Miðar fyrir tvo á söngleikinn ástsæla og val um bókina eða geisladiskinn.

**7.500 kr.**



### Gói og baunagrasið

Miðar fyrir tvo á töfrandi ævintýrasýningu. DVD með Eldfærunum og geisladiskur með lögum úr sýningunni.

**5.900 kr.**



### Gómsætt leikhúskvöld

Gjafakort fyrir tvo og ljúffeng leikhúsmáltíð frá Happi.

**10.900 kr.**

**Gjöf sem aldrei gleymist!**

Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is



**Borgarleikhúsið**





ÉG KEYPTI ÞESSA  
DÁSEMÐ Í ROKKI  
OG RÓSUM



# Fáguð og flott um jólin

Nú þegar aðeins örfáir dagar eru til jóla fannst **Stílnum** tilvalið að fá **Margréti Björnsdóttur**, glæsikvendi og smekkkonu með meiru, til að sýna okkur hvernig á að dressa sig upp um hátíðarnar.

**Hvað myndir þú segja að einkenni stíllinn þinn yfir hátíðarnar?** Fágun, elegans, glamúr og gleði.

**Hvar kaupir þú helst jólafoðin þín?** Ég kaupi jólafoðin að sjálfsögðu í Rokk og rósum.

**Ert þú mikið jólabarn?** Ég elska jólin og svo á ég líka afmæli í desember þannig þessi mánuður er algjört æði!

**Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin?** Hreindýrið er númer eitt, tvö og þrjú! Þakkarnir koma líka sterkir inn og auðvitað samveran með yndislegu fjölskyldunni minni og kæró.

**Er einhver flik ómissandi fyrir hátíðarnar?** Fallegir kjólar eru ómissandi.

**Hvað heldur þú að þú eigir marga sparikjóra?** Ætli þeir séu ekki um 40 talsins.

**Myndir þú segja að sparikjolar væru áhugamál hjá þér?** Já algjörlega, mér finnst rosalega gaman að sanka að mér fallegum kjólum. Þetta er örugglega svipað og hjá mönnum sem safna úrum. Ég safna kjólum.

**Hver eru heitustu trendin fyrir áramóta-dressið í ár?** Glimmerpalliéttutryllingur er alltaf heitasta áramóta-trendið.

**Hvað er efst á óskalista þínum fyrir þessi jól?** Refapelsinn var alltaf efst á óskalista þínum að kærastinn minn tók sig til og gaf mér hann í jólagjöf.

**Er eitthvað ákveðið sem fólk á að hafa í huga þegar það dressar sig upp um hátíðarnar?** Er það ekki bara að dressa sig fallega og velja fót sem manni líður vel í?

**Ef þú mættir vera einhver einn af jólasveinunum þrettán, hver myndir þú vilja vera og af hverju?** Kertasnikir gaf mér alltaf bestu gjafmar þannig ég held ég myndi vera hann.



**PARTÍKJÓLL SEM ÉG KEYPTI Á FATAMARKADI. ÞAÐ ER MIKILL WOW-FAKTOR Í HONUM.**

↓ ÞESSI DÁSAMLEGI KJÓLL ER GÓÐUR VIÐ MÖRG TILEFNI, EINS OG JÓLADAG

ÉG FANN ÞENNA  
Í ROKKI OG RÓSUM AUÐVITAÐ,  
ÞÆGILEGUR OG GORGEOUS



↑ ÞETTA ER JÓLAKJÓLLINN Í ÁR, DROTTNINGARLEGUR OG ÆDISLEGUR

← ÞENNA SJÚKLEGA HEITA KJÓL KEYPTI ÉG Í NOSTALGÍU

# CONVERSE

FLOTT JÓLAGJÖF  
MARGIR LITIR Í BÖÐI



# URBAN

Smelltu **LIKE** á facebook síðuna okkar og taktu þátt í skemmtilegum Converse jólaeik

KRINGLUNNI - 3.hæð ( Við Stjörnutorg ) - s.512 1742 - erum á [facebook](#)



Myndir/Styrmir Kári



# Leyfir sér þriðju- daga til þæginda

**Stíllinn** fékk fyrirsetuna og verzlínginn **Ídu Pálsdóttur** til að sýna okkur sinn töffaralega og flotta fatastíl þessa vikuna.

**Hver er Ída Pálsdóttir?** Lífsglöð, jarðbundin ung stúlka úr Garðabænum á sínu lokaári í Verzlunarskóla Íslands. Skemmtun í hennar huga felst í því að hafa það huggulegt í góðra vina hópi, horfa á It's Always Sunny in Philadelphia, renna sér á snjóbretti og borða súkkulaði. Hittir hana líklega einhverstaðar ekki að skammast sín.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Hann er frekar rokkaður, myndi ég segja, eins og staðan er í dag allavega. Ég elska '90s – '00 tiskuna sem er að koma aftur og bara allt í kringum hana (þá tónlist aðallega). Annars fer það bara eftir skapi í hvað ég skelli mér, leyfi mér samt alltaf að vera í þægilegustu fótunum mínum á þriðjudögum.

**Hefur þú mikinn áhuga á tísku?** Já algjörlega. Finnst mjög gaman að þæla í henni og hef ekki síður mikinn áhuga á tiskuslysum. Mér finnst magnað að hugsa til þess að fólk vakni á morgnanna og taki þá ákvörðun um að nú sé góður dagur til að skella sér í neonlitaða Adidas-heilgallann.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?** Hér heima aðallega í second hand-búðum og Topshop. Þegar ég kemst svo til útlanda eyði í mestum pening í Urban Outfitters, Monki, American Apparel og Weekday.

**Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?** Hausttískan er alltaf eitthvað til að hlakka til en ég er líka mikil

sumarmanneskja. Vildi óska þess að hlýju, yndislegu sumardagarnir á Íslandi væru fleiri.

**Hvað er ómissandi að að eiga í fataskápnum fyrir veturinn?** Eitthvað til að halda á manni sem mestum hita. Hljýjar peysur, húfur, pels, trefill og fyrir þá allra djörfustu: lambhúshettur.

**Hver hafa verið þín verstu tiskumistökk?** Þar sem ég hef aldrei gengið í Disco Pants get ég ekki skráð það hér niður en ætli það hafi ekki verið kvartleggings-tímabilið sem við göngum flestar í gegnum. Ég átti einar rauðar sem mér fannst einhvernvegin alltaf sniðugt að skella mér í sama hvert outfittið var.

**Hver er best klædda kona í heimi?** Mér dettur alls ekki nein ein í hug. Tiskubloggarinn Lua P er í miklu uppáhaldi og fyrirsetan Cara Delevingne er algjör töffari.

**Er eitthvað skemmtilegt á döfnni hjá þér í vetur?** Já heldur betur. Nú fyrst eru það bara jólin og þar sem ég er pinlega mikið jólabarn mun öll orka mín fara í að vera spennit fyrir þeim á næstunni. Svo sit ég í ritnefnd Viljans sem er skólablað Verzlunarskólans og við eigum eftir að gefa út 2 blöð eftir jól. Annars er það bara að njóta seinustu annarinnar í Verzló og undirbúa útskrift í vor.

**Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig myndir þú fá þér og hvar?** Ég myndi selja ennið á mér sem auglýsingapláss fyrir fyrirtæki.



## SKÓLADRESS

SKYRTA: SPÚÚTNIK  
PEYSA: BEYOND RETRO  
BUXUR: CHEAP MONDAY  
SKÓR: VANS



## HVERSDAGS

BUXUR: MONKI  
PEYSA: VINTAGE  
LEDURJAKKI: TOPSHOP  
HÁLSMEN: MONKI  
SKÓR: VAGABOND



## JÓLADRESS

KJÓLL: H&M  
SKÓR: TOPSHOP  
SCRUNCHY TEYGJA: AMERICAN APPAREL



## ÚT Á LÍFIÐ

TOPPUR: TOPSHOP  
PILS: TOPSHOP  
SOKKAR: URBAN OUTFITTERS  
SKÓR: NEW LOOK

# Gledileg Jól

## Dúkkuhúsið

Þökkum viðskiptin á árinu





TÓNLIST, KVÍKMYNDIR, SÓMVARÐ, LÆKING, LISTIR, ÍDÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAÐ

**HVAÐ ER TÍTT?**

**Nafn:** Frosti Logason og Þorkell Máni Pétursson.  
**Á forsíðu:** 8. desember 2011.  
**Fyrirsögn viðtals:** Þetta er viðbjóðsstarf.

Við erum sem endranær alveg stjarnfræðilega hressir miðað við að vera menn með mikla bresti. Síðan við vorum á forsíðunni erum við búnir að læra að gera latte í kaffivélinni. Við erum byrjaðir að skipuleggja XMAS þetta árið sem fara fram 20. desember í Austurbæ. Við komumst að því að ef Guð er í alvörunni til þá erum við klárlega á leið til helvítis, alla veganna vill Biskupsstofa meina það. Við komumst líka að því að Auðunn Blöndal er bara helvíti finn náungi. Hann er klárlega skemmtilegasti sköllótti maður frá Sauðarkróki sem hefur unnið á FM 957. Að lokum viljum við minna fjölmiðlamenn á að vera ekki að taka viðtal við fávita. Þú veist hvað við meinum.



**LOL-MAIL MONITOR**

Blessaður, gamli.

Maður gengur inn til spákonu 17. júní. Fullur af efasemdum í garð hinna fornu galdrabragða spyr hann spákonuna hvort hún geti ekki sagt eitthvað til um hann, sem hann viti en hún ekki. Hún horfir greinandi á manninn, lítur í glerkúluna sína og horfir svo aftur á hann og segir „þú átt tvö börn“. Maðurinn glottir og segir við spákonuna að hún fari með rangt mál þar sem hann eigi þrjú börn með eiginkonu sinni. Þá svarar spákonan að bragði og segir: „Þú heldur það, já“.

Ég skora á Huldu Halldóru Tryggvadóttur, stílistila.

Stuðkveðja, Garðar Stefánsson.

**LOKAPRÓFIÐ**

| 20. desember 2012 |



Ég heiti Lára Rúnars

Ef ég væri ekki Lára Rúnarsdóttir væri ég til í að vera

Þú veist hver ég er af því að

því pabbi minn er svo frægur



Á dögnum sendi ég frá mér sólóplötu sem ber heitið Moment en ég er að gefa hana út af því að

- a) mér fannst þetta vera rétta augnablikið til að gefa út mína fjórðu breiðskífu.
- b) vinkona mín manaði mig til þess að gera það.
- c) mér finnst svo ofboðslega gaman að búa til tónlist, deila henni með fólkinu og gefa þannig smá af sjálfri mér.
- d) þá er bara í desember!

Á umslagi nýju plötunnar er ég

- a) ekkert fördúð.
- b) mikið fördúð.
- c) bara rosalega illa sofin.
- d) sinfaldlega ennþá að jafna mig á þriðju breiðskífunni minni því hún kom svo á óvart.

Að undanförmu hefur lagið Beast, sem er

Uppáhaldshljómaði í útvarpinu en lagið lýsir mér

- a) er algjör skepna
- b) býst alltaf við því að eitthvað magn- að gerist og er því alltaf í viðbragðs- stöðu meira og minna alla daga.
- c) býst alltaf við hinu versta.
- d) hvaða rugl er þetta? Það lýsir mér ekki neitt.

Það besta við að vera gift Arnari Þór Gíslasyni, trommuleikara, er að

- a) hann trommar alltaf á mig þegar við erum að horfa á sjónvarpið.
- b) bróðir hans er frægasti fyrrverandi leikskólakennari landsins.
- c) fá að hanga með Mugison svona endrum og eins.
- d) Ég þarf ekki að borga honum fyrir að tromma í lögnum mínum.
- e) Hann er svo gorgesur!

Það besta við að vera gift Arnari Þór Gíslasyni, trommuleikara, er að

Þú veist hver ég er af því að

því pabbi minn er svo frægur

Á dögnum sendi ég frá mér sólóplötu sem ber heitið Moment en ég er að gefa hana út af því að

- a) mér fannst þetta vera rétta augnablikið til að gefa út mína fjórðu breiðskífu.
- b) vinkona mín manaði mig til þess að gera það.
- c) mér finnst svo ofboðslega gaman að búa til tónlist, deila henni með fólkinu og gefa þannig smá af sjálfri mér.
- d) þá er bara í desember!

Á umslagi nýju plötunnar er ég

- a) ekkert fördúð.
- b) mikið fördúð.
- c) bara rosalega illa sofin.
- d) sinfaldlega ennþá að jafna mig á þriðju breiðskífunni minni því hún kom svo á óvart.

Að undanförmu hefur lagið Beast, sem er

Uppáhaldshljómaði í útvarpinu en lagið lýsir mér

- a) er algjör skepna
- b) býst alltaf við því að eitthvað magn- að gerist og er því alltaf í viðbragðs- stöðu meira og minna alla daga.
- c) býst alltaf við hinu versta.
- d) hvaða rugl er þetta? Það lýsir mér ekki neitt.

Það besta við að vera gift Arnari Þór Gíslasyni, trommuleikara, er að

- a) hann trommar alltaf á mig þegar við erum að horfa á sjónvarpið.
- b) bróðir hans er frægasti fyrrverandi leikskólakennari landsins.
- c) fá að hanga með Mugison svona endrum og eins.
- d) Ég þarf ekki að borga honum fyrir að tromma í lögnum mínum.
- e) Hann er svo gorgesur!

Þú veist hver ég er af því að

því pabbi minn er svo frægur

Á dögnum sendi ég frá mér sólóplötu sem ber heitið Moment en ég er að gefa hana út af því að

- a) mér fannst þetta vera rétta augnablikið til að gefa út mína fjórðu breiðskífu.
- b) vinkona mín manaði mig til þess að gera það.
- c) mér finnst svo ofboðslega gaman að búa til tónlist, deila henni með fólkinu og gefa þannig smá af sjálfri mér.
- d) þá er bara í desember!

- a) Lára, aðalsöguhetjan í Pressu
- b) Lára Ómarsdóttir, dóttir Ómars Ragnarssonar
- c) Lara Croft, tölvuleikjapersóna
- d) \_\_\_\_\_



af því að mig langar að drekka te með Ómani í flugvél

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Lára Rúnars

Ég fer í sund 3-4 sinnum í viku en skemmtilegast þykir mér að synda

- a) bringusund.
- b) baksund.
- c) skriðsund.
- d) flugsund.
- e) lata mig flyta

SATT OG ÓSATT

Ég fann mig aldrei þegar ég söng með Lifun og fannst því best að afhenta systur minni, Margréti, hljóðnemann

S Ó

Nýja platan mín er besta plata allra tíma

S Ó

Ég er bara í tónlist af því að pabbi minn er í Grafík

S Ó

Það besta í lífi mínu er

- a) Kundalini-yoga.
- b) allur indverskur matur.
- c) ára dóttir mín, hún Embla.
- d) maðurinn minn.
- e) væntanleg mastersgráða mín í kynjafræði.
- f) væntanlega síðbúna brúðkaups- lerðin mín til Tælands.
- g) nýja platan mín auðvitað.

Þú hvornig vilt þú þetta, allt þið slörkostlegt!!

Mér finnst



**SÍÐAST EN EKKI SÍST**

► **Friðrik Dór Jónsson**, tónlistamaður og háskólanemi, fílar:

**KVIKMYND:** Besta kvikmynd allra tíma er hin gríðar-vanmetna Rock Star með Mark Wahlberg í aðalhlutverki. Sagan af því hvornig Chris Cole varð söngvari Steel Dragon er ótrúleg og ég veit að fólk mun standa upp og öskra að áhorfi loknu.

**ÞÁTTUR:** Ég er ekki með neina seríu í svona stöðugum gangi þessa dagana. Er að detta í einn og einn þátt af ýmsu bara, allt frá Breaking Bad til Modern Family.

**BÓK:** Bókaflokkurinn um Harry Potter er stór hluti af mínu lífi og ég mun aldrei gleyma honum Harry mínum. Ég las svo líka um daginn ævisögu Zlatans Ibrahimovic sem var mjög skemmtileg.



**PLATA:** Hef undanfarið hlustað mikið á nýju plötunni frá Retro Stefson, Ásgeiri Trausta og Moses Hightower, allt mjög góðar plötur. Platan í bílnum er reyndar nýja platan mín, hlusta samt alltaf mjög lágt svo það heyrst ekki út úr bílnum að ég sé að hlusta á sjálfan mig.

**VEFSÍÐA:** Ég hef bæði mjög mikið gagn og gaman af að lesa einstein.is. Það hjálpar manni að halda tæknimálunum í lagi.

**STADUR:** Það er bara einn staður sem kemur til greina og það er Kaplakriki Stadium, heimili Fimleikafélags Hafnarfjarðar. Betri staður er hreinlega ekki til.



...verði annars staðar en heima á jólunum. Vonandi verður það alltaf þannig.

...tekið 100 kg í hnébeygju en það stendur til.

...farið í brúðkaup án þess að vera að spila í því.

...komist yfir hræðslu mína við Mikka ref úr Dýrunum í Hálsaskóginum.

...farið á tónleika með uppáhaldshljómsveitinni minni, „The Killers“.

...heitið réttu nafni í þjóðskrá. Ég heiti Greta en er skráð sem Gréta.



**VEL GERT**

Aðalheiður Rósa

Hrós vikunnar fær Aðalheiður Rósa Harðardóttir, landsliðskona

í karate, en hún náði frábærum árangri á

heimsmeistaramótinu í

karate sem fram fór um

daginn. Aðalheiður hefur

verið í fremstu röð

í íþróttinni undanfarin ár og var

valin karatemaður ársins 2010 og

2011.

Hrósari er Helga Kristín Ingólfssdóttir

GRETA SALÓME

**ÉG HEF ALDREI**

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5
- 6
- 7





## Grátandi slátur

Ég fíla frelsi til athafna þegar kemur að tölvuleikjum og vil helst fá að gera hlutina á minn hátt, en það er einmitt takturinn í Far Cry 3-leiknum sem var að koma út. Þar get ég vaðið um risastórt landssvæði og gert það sem ég vil þegar ég vil.

Hér fara leikmenn í hlutverk Jason Brody, en hann ásamt vinum sínum datt í góðan gleðskap á eyju einni. Eftir að hafa verið í góðum gir í nokkurn tíma lendir hópurinn í því veseni að vera rænt og er það hlutverk leikmanna að losna úr prísundinni og bjarga félögum sínum. Svo þarf auðvitað að ganga frá illmenninum, pakka þeim saman og fljúga aftur heim til Bandaríkjanna þar sem allt er svo gott.

Far Cry 3 er mjög skemmtileg blanda og finnst mér eins og hann taki allt það besta úr leikjum á borð við Assassins Creed, Uncharted og Crysis. Þessi kokkteill rennur ljúflega niður, en leikurinn er fyrstu persónu skotleikur þar sem leikmenn geta vaðið um risastórt svæði algjörlega frjálst. Til að komast á milli staða eru allskyns farartæki og eru þau í formi bíla, svifdreka og allskyns báta. Verkefni leiksins eru af ýmsum toga, en flest þeirra fleyta söguþræðinum áfram, en auk þeirra er tonn af aukaverkefnum sem leikmenn geta dundað sér í inná milli. Fyrir hvert verkefni fá leikmenn stig sem hægt er að nota til að djúsa upp allskyns hluti í leiknum. Fyrir utan þetta er hægt að eyða tímanum í að veiða dýr og tína plöntur og búa til úr því allskyns hluti og lyf.

Graffikin í leiknum er stórgóð og umhverfi hans alveg magnað. Ofan á það leggst öflug persónusköpun, en leikurinn er stútfullur af skemmtilegum persónum, en söguþráðurinn á ekki eftir að svíkja neinn.

Í Far Cry 3 upplifir maður hlátur, grátur og ekki sist slátur, en þetta er ein harðasta leikja-upplifun ársins.



ÓLAFUR ÞÓR  
JÓELSSON

## Far Cry 3

**MMMMM**

Tegund:  
Skotleikur

PEGI-merking: 18+

Útgefandi:  
Ubisoft

Aðrir dómur:

IGN.com 9 af 10  
Gamespot 9 af 10  
Eurogamer.net 10 af 10

## Life of Pi

Life of Pi er gerð eftir samnefndri metsöluþók Yanns Martel og segir sögu af ungum Indverja, Piscine „Pi“ Patel, sem lendir í heldur betur óvenjulegum aðstæðum úti á rúmsjó. Í upphafi myndari kynnumst við Piscine þegar hann er orðinn eldri og segir blaðamanni sögu sína. Snemma á áttunda áratugnum ákváðu foreldrar Piscine að flytja frá Indlandi til Kanada í von um betra líf. Fjölskyldan átti dýragarð og ákvað að taka dýrin með í ferðina enda lífbrauð þeirra og von um að koma undir sig fótunum í fyrirheitna landinu. Svo illa vildi hins vegar til að skipið sem þau voru á sökk úti á

**Leikstjóri:** Ang Lee.  
**Aðalhlutverk:** Suraj Sharma, Irrfan Khan og Adil Hussain.  
**Langd:** 127 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 10 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Kringlunni, Egilshöll, Borgarbíó Akureyri, Akranesi og Sauðarkróki.

reginhafi í miklu óveðri. Allir fórust nema Piscine, órangútan, hýena, sebrahestur og stórt tígrisdýr sem hét Richard Parker. Piscine og dýrunum tókst við illan leik að komast í björgunarbát, en eins og hver og einn getur getið sér til voru vandræðin rétt að byrja.

SAGAN AF PÍ ER MÖGNUM SAGA  
SEM MENN HÉLDU AÐ EKKI  
VÆRI HÆGT AÐ KVIKMYNDA



**FRUMSÝNING HELGARINNAR**

# VINYLP LÖTUR

## PLÖTUSPILARAR

ÚRVAL AF NÝJUM HÁGÆÐA 85/200 G.  
ENDURHLJÓÐBLÖNDUÐUM VÍNILPLÖTUM



Hljómtæki í hæsta gæðaflokki frá GENEVA • Plötuspilarar frá PRO-JECT  
Heyrnatól frá GRADO • Magnarar frá MARANTZ og PRIMALUNA • Hátalarar USHER og MARTIN LOGAN

www.hljomsyn.com  
hljomsyn@hljomsyn.com

**HLJÓMSÝN**  
ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5010



ÍSLENSKA  
HAMB  
ORGARA  
FABRIK  
KAN  
2010



HÁDEGISTÓNLEIKAR  
FABRIKKUNNAVAR



**HÁDEGISTÓNLEIKAR Á FABRIKKUNNI Í DESEMBER!**

LANDSLIÐ TÓNLISTARMANNA KYNNIR JÓLAPLÖTUR SÍNAR Á FABRIKKUNNI Í HÁDEGINU Í DESEMBER  
TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 12 Á HÁDEGI OG ER DAGSKRÁIN SEM HÉR SEGIR:

Mánudagur **3.** desember  
**VALDIMAR GUDMUNDSSON**

Þriðjudagur **4.** desember  
**BJARTMAR GUÐLAUGSSON**

Miðvikudagur **5.** desember  
**HREIMUR**

Föstudagur **7.** desember  
**ELÍZA NEWMAN**

Mánudagur **10.** desember  
**MAGNI**

Þriðjudagur **11.** desember  
**JET BLACK JOE**

Miðvikudagur **12.** desember  
**FRÍÐRIK DÓR**

Fimmtudagur **13.** desember  
**LÁRA RÚNARS**

Mánudagur **17.** desember  
**MAGNÚS OG JÓHANN**

Þriðjudagur **18.** desember  
**MYRRA RÓS**

Miðvikudagur **19.** desember  
**ÞÓRUNN ANTONÍA**

Fimmtudagur **20.** desember  
**SVERRIR BERGMANN**

Föstudagur **21.** desember  
**JÓN JÓNSSON**



**BÓKAÐU BORD Í TÆKA TÍÐ Í SÍMA 575 7575  
EÐA Á FABRIKKAN@FABRIKKAN.IS.**

